

Lög

um

samþykktir um stofnun eftirlits- og fódurbirgðafjelaga.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi af Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir einn eða fleiri hreppa, innan sýslu, um eftirlits- og fódurforðafjelög.

2. gr.

Nú vilja menn koma á samþykkt fyrir eftirlits- og fódurbirgðafjelag í sínu sveitarfjelagi, og skulu þeir þá semja uppkast til samþykktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþykktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar í hreppi þeim, sem samþykktin er gerð fyrir.

Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem búfjenað hafa á fódurum. Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþykktar, sem hefir ekki náð $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið, og má ekki bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til

Nr. 42 staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga 28. nóv. eða rjett manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún skuli öðlast gildi.

Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er í þeirri sveit eða sveitum þúa, er hún nær yfir.

Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

I samþykktum þessum skal tekið fram um stjórn fódurbirgðafjelaganna, fódurmatið, fódrunina, útvegum aukafóðurs, fjársamlög til fjelagsþarfa, verðlauna-veitingar, bókhald, skýrslugerð og fleira, enda skal stjórn Búnaðarfjelagsins semja frumvarp til samþykktar handa sveitarfjelögum, er útbýtt sje til sveitarstjórna, og stjórnarráðið hefir einnig til hliðsjónar, þegar það staðfestir eða synjar samþykkt staðfestingar. Árlega skal stjórn eftirlits- og fódurbirgðafjelagsins senda Búnaðarfjelagi Íslands skýrslu um hag og framkvæmdir fjelagsins ásamt ársreikningi þess.

6. gr.

Gjöldum til eftirlits- og fódurbirgðafjelaga samkvæmt samþykktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renna í sjóð eftirlits- og fódurbirgðafjelags þess, þar sem brotið er framið, og fer um slík brot sem um almenn lögreglumál.

8. gr.

Þá er sveitarfjelag hefir komið á hjá sjer samþykkt um eftirlits- og fódurbirgðafjelag samkvæmt lögum þessum og farið er að fullnægja henni, þá er það sveitarfjelag undanþegið ákvæðum forðagæslulaganna frá 10. nóv. 1913.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.